

## Viðmið um mat á beiðni um aðgang af trúnaðargögnum Hagstofu Íslands

Rannsakendur sem tilheyra viðurkenndri rannsóknarstofnun geta sótt um aðgang að trúnaðargögnum til vísindarannsókna. Til þess að fá aðgang að örgögnum þurfa öll eftirfarandi atriði að vera uppfyllt samkvæmt upplýsingum frá umsækjendum í útfylltu umsóknareyðublaði og öðrum fylgiskjölum:

### *Gerleiki*

1. Gögnum annarra aðila sem notuð verða í rannsókninni hefur verið nægjanlega vel lýst.
2. Gögnum sem beðið er um þar með talið breytum, viðmiðunartíma, sundurliðun og samhengi við rannsóknaráætlun er lýst nákvæmlega.
3. Hagstofa Íslands hefur burði til þess að útbúa gögnin af þeim gæðum sem þarf til þess að uppfylla markmið rannsóknarinnar.

### *Tilgangur og vísindalegt gildi rannsókna*

4. Tilgangur rannsóknarinnar er vel skýrður og hefur vísindalegt gildi.
5. Rannsakendur hafa gert grein fyrir því hvaða aðferðum verði beitt til að greina gögnin.

### *Væntanlegar niðurstöður og birting þeirra*

6. Rannsakendur hafa gert grein fyrir því hvaða niðurstöðum þeir búast við.
7. Rannsakendur ætla að gefa út eða dreifa niðurstöðum opinberlega.

### *Rekjanleiki gagna*

8. Tilgangi rannsóknarinnar verður ekki náð nema með notkun trúnaðargagna Hagstofunnar.
9. Hægt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra rekjanleika gagnanna þannig að þau uppfylli markmið rannsóknarinnar.
10. Rannsakandi færir fullnægjandi rök fyrir því að hann þurfi þau gögn hann biður um til þess að svara rannsóknarspurningum sínum.

### *Vottaður bakhjarl*

11. Bakhjarl rannsóknarinnar er samþykkt og viðurkennd rannsóknarstofnun samkvæmt viðmiðum Hagstofunnar.

### *Gögn frá umsækjendum*

12. Hagstofunni hefur borist útfyllt umsóknareyðublað frá rannsakanda þar sem öllum spurningum er svarað ásamt tilkynningu/leyfi frá Persónuvernd og Vísindasiðanefnd ef þess er krafist.

### *Öryggi*

13. Í umsókn eru upplýsingar um hvaða einstakir rannsakendur munu hafa aðgang að gögnunum.
14. Mögulegt er að veita aðgang að gögnunum á öruggan hátt samkvæmt öryggisviðmiðum Hagstofunnar.